



Samband íslenskra sveitarfélaga
Karl Björnsson, framkvæmdastjóri
Pósthólf 8100
128 Reykjavík

Reykjavík 2. júní 2022
Tilv.: MRN22020504/6.7

Efni: Óskað tilnefninga í samráðsnefnd skv. samkomulagi um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms

Með vísan í samkomulag um stuðning við tónlistarnám, dags. 29. mars 2022, er hér með óskað eftir að Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni tvo fulltrúa í samráðsnefnd sem hefur það hlutverk að fylgast með framkvæmd samkomulagsins. Gildistími samkomulagsins og skipunartími samráðsnefndarinnar er frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2024.

Ráðuneytið vekur athygli á 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að það er ekki mögulegt. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir tilnefningu og skipun fólks með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá í nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera. Hlutfall kvenna skal þó aldrei vera minna en 40%. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Með skírskotun til þessa ákvæðis er óskað eftir að tilnefndir verði tveir einstaklingar, hvor af sínu kyni. Ráðherra skipar í samráðshópinn og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust. Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá þessu skilyrði þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal þá skýra ástæður þess.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið greiðir ekki sérstaklega fyrir störf í nefndinni.

Mælst er til þess að tilnefningin berist ráðuneytinu hið fyrsta og eigi síðar en 14. júní nk. Vinsamlegast látið **kennitölu, heimilisfang og netfang** tilnefndra aðila fylgja. Ef svar sendist ráðuneytinu í tölvuskeyti þá vinsamlegast sendið á **mrn@mrn.is**.

Fyrir hönd ráðherra


Björg Pétursdóttir


Íva Sigrún Björnsdóttir